

HRINGVEGUR UM HRÚTAFJÖRÐ BRÚ – STAÐARSKÁLI

Breyting á fyrirhugaðri tengingu við Djúpveg

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að Hringvegur um Hrútafjörð, Brú – Staðarskáli, breyting á fyrirhugaðri tengingu við Djúpveg, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Bæjarhrepps og Húnaþings vestra skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Þá þarf Vegagerðin að leggja fram áætlun um efnistöku skv. 48. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 við umsókn framkvæmdarleyfis.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 22. ágúst 2007.

INNGANGUR

Þann 11. júní 2007 tilkynnti Vegagerðin breytingu á tengingu Hringvegur við Hrútafjörð (Brú – Staðarskáli) við Djúpveg, Bæjarhreppi og Húnaþingi vestra til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Bæjarhrepps, Húnaþings vestra, Fornleifaverndar ríkisins, veiðimálastjórn Landbúnaðarstofnunar og Umhverfisstofnunar. Umsagnir bárust frá Bæjarhreppi með bréfi dags. 26. júní 2007, Húnaþingi vestra með bréfi dags. 18. júní 2007, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 25. júní 2007, Landbúnaðarstofnun með bréfi dags. 26. júní 2007 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 2. júlí 2007. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfi dags. 4. og 12. og 17. júlí 2007.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að Vegagerðin hafi í hyggju að gera breytingu á fyrirhugaðri framkvæmd sem kynnt var í kynningarskýrslu; Hringvegur um Hrútafjörð, Brú-Staðarskáli í mars 2006. Í þeirri skýrslu var greint frá að vegtenging við Djúpveg yrði tæplega 0,3 km löng. Fallið hafi verið frá þeirri tengingu og ákveðið að leggja til að vegtenging við Djúpveg liggja norðar og verði tæplega 1,8 km löng. Áætlað sé að framkvæmdir hefjist árið 2007 og að þeim ljúki árið 2009. Tilgangur breytingarinnar sé að stytta leiðina um Hrútafjarðarbotn, milli Norðurlands og Vestfjarða. Hönnunarhraði sé 90 km/klst. Ræsi verði staðsett þar sem búast megi við rennandi vatni, bæði sírennandi vatni og þar sem myndast geti vatnsfarvegir í leysingum að vori og þegar úrkoma sé mikil. Ræsum verði ennfremur komið fyrir þar sem hætta sé á að vatn geti safnast fyrir ofan við veg. Áætluð efnisþörf í verkið sé um 29 þús m³ og verði efni tekið úr skeringum og námum sem kynntar voru í kynningarskýrslu Vegagerðarinnar frá mars 2006, þ.e. úr námum við Bláhæð, Mela, Selá, Brandagili og Háumela.

Vegagerðin telur að viðkomandi vegaf framkvæmd muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að bygging nýrrar tengingar við Djúpveg muni hafa áhrif á landnotkun á svæðinu þar sem vegurinn liggja um tún og beitarlönd. Á 120 m löngum kafla fari hann um jaðar túna Fjarðarhorns og minnki tún jarðarinnar sem því nemur. Girða þurfi meðfram vegi þar sem hann liggja um jaðar túna og þveri afgirt beitarlönd í landi Fjarðarhorns og Staðar. Veglínan liggja undir háspennulínu og þurfi að líklega að hækka raflínuna vegna framkvæmdarinnar. Fram kemur að Vegagerðin hafi haft samráð við landeigendur vegna framkvæmdarinnar.

Áhrif á landslag. Fram kemur að landslagi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Djúpvegur hafi að hluta til verið raskað vegna landbúnaðar en á kafla sé það óraskað. Gert sé ráð fyrir að nýr vegur sem lagður verði á fyllingu þvert yfir botn Hrútafjarðar muni hafa talsverð áhrif á landslagið. Landslagsmyndin muni breytast töluvert og útsýni yfir botn Hrútafjarðar muni breytast meira en vegna fyrri hugmynda um fyrirhugaða vegtengingu. Að framkvæmdum loknum verði gengið þannig frá vegsvæði og efnistökusvæðum að vegurinn og efnistökusvæðin falli vel að landi.

Áhrif á vistkerfi. Gróðurlendi. Fram kemur að nýr Djúpvegur muni liggja um sjávarfitjar á kafla. Búast megi við að vegurinn geti virkað sem varnargarður þannig að dragi úr áhrifum sjávarfalla á svæðinu. Með því að koma fyrir ræsum í öllum vatnsfarvegum verði dregið úr áhrifum framkvæmdarinnar á sjávarfitjar og vatnafar. Þar sem vegurinn liggja yfir sjávarfitjar muni land meðfram veginum þorna eitthvað og gróðurfar þess líklega breytast. Gera megi ráð fyrir þar sem vegurinn liggja um fitjarnar dragi eitthvað úr áhrifum sjávarfalla og þar með gæti gróðurfar breyst. Samkvæmt skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands er talið að engar fágætar plöntur séu í hættu vegna framkvæmdarinnar. Við frágang svæðisins muni Vegagerðin græða upp jafn stórt gróðursvæði og það sem raskast, í samráði við Landgræðslu ríkisins og landeigendur. Notast verði við sömu aðferð við uppgræðslu í Hrútafirði og tíðkast hefur í öðrum framkvæmdum. Vegagerðin telji örðugt að rækta upp nýjar sjávarfitjar og þekki engin dæmi þess héraendis.

Fuglar. Fram kemur að ólíklegt sé að framkvæmdirnar muni hafa áhrif á fugla svæðisins sem eru á vólsta, þar sem engin þeirra verpi innan framkvæmdasvæðisins. Einhver pör annarra fuglategunda komi til með að tapa varpsvæði, en líklegt sé að fuglarnir geti fundið sér ný hreiðurstæði á svipuðu búsvæði í nágrenninu. Líklegt sé að framkvæmdirnar komi til með að hafa áhrif á fuglalíf á framkvæmdasvæðinu og á nærliggjandi leirum á framkvæmdatíma. Aftur á móti sé ekki líklegt að framkvæmdirnar komi til að hafa mikil áhrif á fuglalíf til langs tíma, ef þess verði gætt að búsvæðum fuglanna í kringum framkvæmdasvæðið sé ekki raskað og þess gætt að sjávarfitjar þorni ekki upp.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að engar fornleifar hafi fundist á fyrirhugaðri veglínu Djúpvegur.

Áhrif á samfélag. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að áhrif nýrrar tengingar Hringvegur við Djúpaveg felist í bættum samgöngum vegna styttingar leiðar milli Norðurlands og Vestjarðar og meira umferðaröryggis.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Bæjarhrepps, Húnaþings vestra, Landbúnaðarstofnunar og Fornleifaverndar ríkisins kemur fram það alit að umrædd framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur að ekki sé líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér að teknu tilliti athugasemda hennar. Telur stofnunin að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði á sjávarfitjar og sjónræn áhrif verði vegna hárra vegfyllinga á flatlendi.

Áhrif á vistkerfi. Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhugaður vegur verði að mestu leyti lagður á mörkum ræktaðs lands og svæðis sem nýtt hefur verið til beitar. Á um 400 m kafla liggja vegurinn þó um svæði sem telst vera sjávarfitjar, en þær njóti sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Samkvæmt upplýsingum Náttúrufræðistofnunar Íslands eru sjávarfitjar í Hrútafirði frekar tegundasnaðar.

Umhverfisstofnun telur að þrátt fyrir að ræsi verði sett í alla vatnsfarvegi gæti land þornað upp við veginn og þar með haft áhrif á gróðurfar næst veginum. Umhverfisstofnun beinir þeim óskum til Vegagerðarinnar að gerð verði könnun á áhrifum vegagerðar í Hrútafirði á gróðurfar sjávarfitja. Könnuð yrðu áhrif vegna

þurrkunar lands og hvort mótvægisáðgerðir sem tryggja eiga að sjór falli um sjávarfitjar hafi tilætluð áhrif.

Í svörum Vegagerðarinnar er ítrekað að með því að staðsetja ræsi þar sem búast megi við rennandi vatni ætti sjávarfalla að gæta áfram. Þrátt fyrir það muni Vegagerðin setja af stað rannsókn á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði þar sem fylgst verði með gróðurframvindu fyrir og eftir framkvæmd.

Veiðimálastjórn Landbúnaðarstofnunar telur að umrædd breyting á vengtengingu muni ekki hafa áhrif á hagsmuni í veiðimálum, en óskar eftir að Vegagerðin hafi samráð við stofnunina um malarnám eða aðrar framkvæmdir sem truflað gætu fiskgengd m.a. vegna gruggs eða annarra þátta

Áhrif á landslag. Fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar að auk áhrifa framkvæmda á sjávarfitja muni framkvæmdin hafa sjónræn áhrif vegna vegfyllinga á flatlendi.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að í gögnum framkvæmdaraðila séu merktar inn tvær fornleifar (142188-108-1 og 142188-108-2) á þann stað þar sem fyrirhugaður vegur tengist núverandi Djúpvegi, um sé að ræða bæjarhól og tóft með óþekkt hlutverk. Fornleifavernd bendir á að þrátt fyrir að minjastaðirnir séu lítt sýnilegir á yfirborði kunni frekari leifar mannvirkja og mannvistarlaga að leynast undir sverðinum. Vegna nálægðar umræddra staða við framkvæmdarsvæði telur Fornleifavernd æskilegt að minjastaðirnir verði vandlega merktir á meðan framkvæmdum stendur, til að komið verði í veg fyrir að fornleifarnar raskist af vangá. Fornleifavernd bendir jafnframt á að ef í ljós komi að framkvæmdin muni spilla fornleifum þurfi að leita leyfis stofnunarinnar til þess að fá að raska þeim.

Vegagerðin svarar því til að ofangreindir minjastaðir verði vandlega merktir á framkvæmdartíma.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu á fyrirhugaðri tengingu við Djúpveg á Hringveg um Hrutafjörð, Brú – Staðarskáli. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Áhrif á vistkerfi. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun sem telur að helstu neikvæðu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar muni verða á sjávarfitjar. Ástæða þess að fyrirhugaður vegur kann að vera háður mati á umhverfisáhrifum er staðsetning hans, þar sem hann liggur að hluta til um sjávarfitjar, sem eru meðal þeirra vistkerfa sem njóta sérstakar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Því telur Skipulagsstofnun mikilvægt að við hönnun og framkvæmd vegarins sé tekið sérstakt tillit til sjávarfitjanna. Skipulagsstofnun telur jákvætt að Vegagerðin hyggist standa að könnun á áhrifum vegagerðar í Hrutafirði á gróðurfur sjávarfitja. Sé tekið tillit til fyrirhugaðra mótvægisáðgerða Vegagerðarinnar, sem felast í að tryggja að sjór geti fallið um sjávarfitjarnar telur Skipulagsstofnun ekki líklegt að áhrif framkvæmdarinnar á sjávarfitjar verði veruleg. Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa neikvæð áhrif á fugla einkum á

framkvæmdatíma en þegar til lengri tíma er litið er ekki líklegt að áhrifin verði veruleg. Skipulagsstofnun bendir á að mikilvægt sé að Vegagerðin hafi samráð við Landbúnaðarstofnun varðandi þá hluta framkvæmdar sem truflað geta fiskgengd.

Áhrif á menningarmínjar. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á fornleifar séu ekki líkleg til að verða verulega neikvæð að því tilskyldu að farið verði eftir ábendingum Fornleifaverndar ríkisins.

Sjónræn áhrif á landslag. Ljóst er framkvæmdin mun hafa tímabundið rask í för með sér, sem mun hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Þau áhrif ættu að minnka verulega þegar Vegagerðin hefur gengið frá vegstæði og efnistökuðum þannig að falli vel að landslagi og ítrekar Skipulagsstofnun viðeigandi frágang framkvæmdasvæðis. Að framkvæmd lokinni er hins vegar ljóst að hið nýja vegstæði mun hafa áhrif á landslag svæðisins og útsýni yfir botn fjarðarinnar mun breytast miðað við núverandi ástand.

Áhrif á landnotkun. Skipulagsstofnun beinir þeim tilmælum til Vegagerðarinnar að haft verði samráð við Landsnet vegna hugsanlegra áhrifa framkvæmdar á háspennulínu innan framkvæmdasvæðisins.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á tengingu Hringvegur við Hrutafjörð (Brú – Staðarskáli), við Djúpveg sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Bæjarhrepps og Húnaþings vestra skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Fyrirhugaðar breytingar eru í samræmi við samþykkt Aðalskipulag Húnaþings vestra 2002-2014 samþykkt Aðalskipulagi Bæjarhrepps 1995 –2015. Þá þarf Vegagerðin að leggja fram áætlun um efnistöku skv. 48. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 við umsókn framkvæmdarleyfis.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 22. ágúst 2007.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

